

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3439

| | | |
|---|---|--|
| Rekstraraðili Colas Ísland ehf. kt: 4201871499 | Tegund starfsemi Malbikunarstöðvar | Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 10. Desember 2036 |
| Starfsstöð Amomatic | Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit | Dagsetning eftirlits 1. júlí 2026 |
| Starfstöðvarnúmer: 0423 | Eftirlitsmaður Kristín Kröyer | Útgáfudagur skýrslu 1. júlí 2026 |

Tengiliðir

| Tengiliður | Titill |
|------------|--------|
|------------|--------|

Björk Úlfarsdóttir

Niðurstaða eftirlits

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit án vettvangsferðar fór fram hjá rekstraraðila þann 1. júlí 2026.

Staða eldri frávika

Rekstraraðili er með samþykktu úrbótaáætlun frá 12. janúar 2026. Þar eru 3 opin frávik sem fylgt verður eftir í næstu vettvangsferð.

Ársyfirlit

Rekstraraðili skilaði ársyfirliti fyrir árið 2025 þann 29. Apríl 2026. Í skýrslunni kom fram að útblástur frá stöðinni er enn yfir losunarmörkum. Farið var yfir rykhreinsibúnaðinn og skipt um filterkassa í byrjun árs 2026. Ekki er um nýtt frávik að ræða heldur frávik með samþykktu úrbótaáætlun frá 12. janúar 2026.

Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skilaði umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 þann 27. apríl 2026. Ekki voru gerðar athugasemdir við skýrsluna.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.